

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1467  
komudagur 23.2.2011



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 26/1994, með síðari breytingum. Lagt fyrir á Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þskj. 487 – 377. mál.**


ÖBÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 26/1994, með síðari breytingum.

ÖBÍ fagnar frumvarpi um að heimilt verði að halda leiðsögu- eða hjálparhund í fjöleignarhúsum og telur að sú ákvörðun komi til með að auka lífsgæði þeirra verulega, sem vegna blindu eða annarrar fötlunar, þurfa nauðsynlega aðstoð í daglegu lífi.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ÖBÍ hefur, er fátítt að fólk hafi svæsið ofnæmi fyrir hundum, og ekki er um mikinn fjölda einstaklinga hér á landi sem þurfa aðstoð leiðsögu- eða blindrahunda. Þrátt fyrir þá staðreynd er ljóst að hagsmunaárekstrar geta komið upp hjá eigendum húsnæðis sem eru með ofnæmi og eigendum leiðsögu- eða hjálparhunda sem þarf að leysa. Í frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir að kærunefnd húsamála leiti lausna í slíkum málum. Mikilvægt er að slík málsmeðferð verði ekki íþyngjandi fyrir aðila máls og því þarf að setja skýrar reglur um meðferð slíkra mála.

Til að tryggja aðgengi að upplýsingum er jákvætt að fram kemur í frumvarpinu, samkvæmt 3. mgr., að stjórn húsfélags skuli þinglýsa yfirlýsingu um að leiðsögu- eða hjálparhundur sé í húsinu, og einnig að þess skuli getið í yfirlýsingu húsfélags í tengslum við sölu.

Virðingarfyllst,  
f.h. ÖBÍ,

  
Lilja Þorgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri